

Stjórnarfundur Leiknar 24. mars 2017.

Mættar: Guðrún Vala Elísdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helga Gísladóttir, Þuríður Sigurðardóttir (í gegnum Skype). Ólafur Ástgeirsson boðaði forföll.

1. **Skipulag aðalfundar.** Aðalfundurinn er haldinn hjá Fræðslunetinu á Selfossi. Dagskrá verður með hefðbundnu sniði.
 - Stungið uppá Ólafi Ástgeirssyni sem fundarstjóra, Guðrún Vala tekur að sér að tala við hann. Til vara á að tala við Ingu Dóru Halldórsdóttur. Helga Gísladóttir verður fundaritari.
 - Fundur verður settur klukkan 12. Ákveðið að bjóða uppá samlokur, gos og súkkulaði. Guðrún Lárusdóttir tekur að sér að versla það.
 - Guðrún Vala er byrjuð á skýrslu stjórnar og mun senda stjórn til yfirlestrar í næstu viku. Form skýrslu er með sama sniði og síðast. Guðrún Lárusdóttir sér um ársreikningana og prentar út nokkur eintök fyrir fundinn. Hún hefur einnig samband við skoðunarmenn reikninga sem eru Eyjólfur Sturlaugsson og Valgeir Blöndal Magnússon.
 - Fundarboð þarf að senda út með tveggja vikna fyrirvara og þá eru gögn einnig send. Guðrún Lárusdóttir sendir netfangalista til Guðrúnar Völu sem sendir fundarboð á alla forstöðumenn aðildarféлага.
 - Ráðstefnan er frá 13:00-17:00 og er haldin í samstarfi við Kvasi. Þema ráðstefnunnar er „Aðgengi fullorðinna að námi, hvati til náms og hindranir sem þarf að yfirstíga“. Guðrún Vala er búin að fá eftirfarandi fimm erindi staðfest.
 - Aðgengi fullorðinna að framhaldskólum – Meistararannsókn Elínar S. Welding Hákonardóttur. Dr. Sif Einarsdóttir
 - Eitt skref áfram - Að mæta þörfum fólks sem sækir síður í nám. Rannsóknarþættir GOAL verkefnisins. Lára Rún Sigurvinsdóttir verkefnastjóri á Menntavísindasviði HÍ.
 - (heiti vantar). Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar ASÍ
 - Brottfallsrannsóknir – rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal. Jóhannes H. Steingrímsson flytur erindið
 - Frá áhuga til árangurs – um Stóriðjuskólann. Hörður Baldvinssonverkefnisstjóri Stóriðjuskóla Norðurláls.

Guðrún Vala gefur kost á sér í formannsembætti og búið er að tala við Helga Þorbjörn Svavarsson hjá Símeý og hann hefur samþykkt að gefa kost á sér í stjórn.

2. Ólafur Ástgeirsson sér um næsta fræðsluerindi og fjallar það um MailChimp. Rætt um að biðja starfsfólk Starfsmenntar um að senda út boð um fræðsluerindið eins og þau hafa gert. Á nýju starfsári þarf einhver úr stjórn að sjá um þessar útsendingar og rætt um að biðja Ólaf um að sjá um það.
3. Önnur mál. Anna Kristín hefur haft samband við danann Jesper Andreasen hjá VUCSYD vegna fræðsluerindis sem frestaðist en ekki fengið svar. Hún mun ítreka erindið og athuga með

hvort hann er ekki til í að halda það í maí. Erindið fjallar um hönnun námsumhverfis og samspil námsumhverfis, tækni og hollustuhátta.

4. Rætt um ráðstefnu um fullorðinsfræðslu NCAEL í Jönköping í Svíþjóð dagana 3.-5. maí. Einn dagur af ráðstefnunni (4. maí) er helgaður norrænu verkefni sem Guðrún Vala Elísdóttir SMV fyrir hönd Leiknar tók þátt í, en verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið snerist um að afla árangursríkra dæma (successful models) við aðlögun innflytjenda í nýju samfélagi með áherslu á óformlega fullorðinsfræðslu. Safnað var dæmum frá Finnlandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Íslandi og verða niðurstöður verkefnisins kynntar 4. maí. Valin voru dæmi frá Símei og Mími frá Íslani. Verkefnið greiðir kostnað fyrir einn þátttakanda frá hverju landi og fer Kristín Björk Gunnarsdóttir Símei frá Íslandi. Guðrún Vala og Guðrún Lárusdóttir fara sem fulltrúar Leiknar, en jafnframt eru fundir í Nordic-baltic ráðinu sem þær sækja.

Dagana 28-29. júní er fundur EAEA í Girona á spáni. Rætt um hvort að Leikn sendi fulltrúa á þann fund. Ekkert hefur verið farið erlendis á fundi þetta árið og það eru til peningar fyrir ferðum. Rætt um að taka ákvörðun þegar dagskrá fundarins liggur fyrir. Þuríður lýsti áhuga á að fara sem fulltrúi Leiknar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 13:35.

Helga Gísladóttir skrifaði fundargerð.